

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2008

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/286/EB frá 17. mars 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/176/EB að því er varðar skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, svo og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við lið 5cy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0286:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/286/EB frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/286/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.